

Úrskurður 2/2017

Kærð var ákvörðun Tollstjóra að hafna tollafgreiðslu sláttuvélar sem búslóðarmun.

Niðurstaða:

Kærandi, sem hafði starfsaðstöðu í landinu A, keypti sér sláttuvél ásamt öðrum munum í landinu B. Voru verslunarmunirnir fluttir inn til Íslands frá landinu B án viðkomu til kæranda og áður en kærandi hefði öðlast hér lögheimili eða tekið hér bólfestu. Var niðurstaða Tollstjóra sú að umþrættir verslunarmunir uppfylltu ekki almenn skilyrði til að geta verið tollafgreiddir sem búslóðarmunir við innflutning til landsins. Var fyrri ákvörðun Tollstjóra um höfnun tollafgreiðslu sendingar kæranda sem búslóðarsending staðfest.